

Nr. 19-047 S 036 Elín BA 58***Bilun í stýri og dregin í land***

Skipaskr.nr. 2657
 Útgerð: Skarfaklettur ehf.
 Smíðaður: Hafnarfjörður 2005, plast
 Stærð: 14,68 bt. Stærð:
 Mesta lengd: 13,04 m Mesta lengd: 11,37 m
 Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,51 m
 Vél: Caterpillar 254 kW, 2005
 Fjöldi skipverja: 3



Elín©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. apríl 2019 var Elín BA 58 á línuveiðum 30 sjómílnur vestur af Sandgerði. Veður: A 6 m/s.

Á veiðunum misstu skipverjar olíu af vökvakerfi fyrir stýrið. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Hannes Þ Hafstein dró bátinn til hafnar í Sandgerði

Við rannsókn kom fram:

- að vökvaslanga fór að leka svo vökvatankurinn, sem var 200 l að rúmmáli, tæmdist;
- að vökvaslangan sem lak var staðsett utanborðs og urðu skipverjar ekki varir við lekann fyrr en olíutankurinn tæmdist;
- að tvær vökvadælar voru í bátinum, ein fyrir stýri og hliðarskrúfu og önnur fyrir veiðarfærabúnað, en með sameiginlegan vökvatank;
- að einungis voru til um 40 lítrar af olíu um borð sem ekki reyndist nægjanlegt til að byggja upp þrýsting;
- að báturinn var ekki með sérstakan neyðarstýribúnað heldur með rafdrifið jafnvægisstýri (flöpsum) óháð öðrum stýrisbúnaði sem er viðurkenndur búnaður af Samgöngustofu sem ígildi neyðarstýris;

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að vökvakerfið tæmdist þar sem vökvaslanga fór í sundur.

Sérstakar úbendingar:

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.